



Mickey Rooney.

## Hjartaknúsarinn lágvaxni

Leikarinn Mickey Rooney er sjötugur í dag. Hann var skírður Joe Yule Junior og þó hann hafi einungis verið 1,60 á hæð hefur hann verið vinsæll meðal gagnstæða kynsins. Hann hefur gift sjö sinnum hingað til og hefur þurft að greiða gífurlega háar fjárhæðir í meðlagsgreiðslur um ævina. Fullyrða má að þessar greiðslur hafi verið meginástæða þess að hann var lýstur gjaldþrota árið 1962.

## Blessuð veröldin

### Sölumennska

Skotar flytja út sand til Saudi-Arabíu

### Stóri Benni

Big Ben er ekki nafnið á turni þinghússins í London, eins og margir halda, heldur er það nafn á 13 tonna bjöllu í turninum.

### Togað en ekki ýtt

Vöðvarnir í líkama okkar nýtast einungis þegar togað er en ekki þegar ýtt er.



Hulda Hákon og Svala Sigurleifsdóttir.

## Fígúra Fígúra

Sl. laugardag var opnuð sýning á verkum sex íslenskra myndlistarmanna af yngri kynslóðinni á Kjarvalsstöðum. Þau hafa öll valið sér figúrana sem viðfangsefni, figúrana sem veru, mannveru og annars konar veru.

Myndlistarmennirnir eru: Brynhildur Þorgeirsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Kjartan Ólason, Hulda Hákon, Jón Óskar og

## Sýningar

### Svala Sigurleifsdóttir.

Þessi sýning var unnin í samvinnu við Listasafnið í Gautaborg og Fruitmarket sýningarsalarins í Edinborg þar sem hún var sett upp sl. vor.

Þeir listamenn, sem eru á ferðinni á þessari sýningu, leggja meðvitað áherslu á sköpun myndmálsins í verkum sem umfram allt fjalla um manninn og mannlega tilvist.

## Færð á vegum

Samkvæmt upplýsingum Vega-gerðarinnar er aðeins fært fjallabílum um Kjalveg og vegurinn milli Landmannalauga og Eldgjár er einnig illfær. Sömu sögu er að segja af Öskjuleið.

## Umferðin

Leiðir um norðanverðan Sprengisand eru lokaðar, Dyngjufjallaleið er einnig lokað og sömu sögu er að segja Kverkfjallaleið og Snæfellsleið.

Hámarksöxulþungi er miðaður við 7 tonn á Öxarfjarðarheiði.



## Ljóðatónleikar í Norræna húsinu í kvöld

Dúfa S. Einarsdóttir mezzosópran og Guðbjörg Sigurjónsdóttir pianóleikari halda ljóðatónleika í Norræna húsinu í kvöld kl. 20.30. Á efnisskránni eru bæði íslensk og erlend ljóð við lög eftir Jón Þórarinnsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Giovanni Paisello, C.W. Cluck,

## Skemmtanalífið

Francesco Durante, Johannes Brahms og Jean Sibelius. Lovisa Fjeldsted leikur með þeim á selló í einu verkanna.

Dúfa S. Einarsdóttir hóf nám við Söngskólann í Reykjavík vorið 1982 og lauk þaðan söngkennaraprófi vorið 1987. Dúfa hefur tekið þátt í fjölda söngnámskeiða.

Guðbjörg Sigurjónsdóttir hóf pianónám hjá Ragnari Björnssyni. Hún fór síðan til Hollands og stund-



Dúfa S. Einarsdóttir og Guðbjörg Sigurjónsdóttir.

aði nám við Sweelinck Conservatorium frá 1972 og lauk þaðan prófi árið 1979.

Lovisa Fjeldsted lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í

Reykjavík árið 1977 og stundaði síðan framhaldsnám við Hartford University í Bandaríkjunum. Lovisa er m.a. sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## Frjónæmi

6 til 7% Íslendinga fá ofnæmi fyrir frjókornum, svokallað frjónæmi. Þetta er sjúkdómur sem herjar á ungt fólk og byrjar fyrir 16 ára aldur hjá 60% sjúklinganna. Flestir fá ofnæmi fyrir grösom en einstaka fá þó ofnæmi fyrir birki, súrum eða öðrum blómum.


Algengustu einkenni frjónæmis eru hnerrí, kláði í nefi, nefrennsli og nefstíflur. Þetta kallast frjókvef. Einkenni frá augum, eins og roði, kláði og bólgja, eru líka algeng.

Frjókvefið er verst þegar mikið frjó er í loftinu. Einstaka sjúklingar fá asma, einkum seinni hluta sumars þegar frjókvefið hefur staðið lengi.

## Umhverfi

Með góðri meðferð má draga verulega úr einkennum frjónæmis.

Grastoppurinn var seint á ferðinni í ár, 10. til 24. ágúst mældust að jafnaði 39 grasfrjó á sólarhring. Enn verður vart grasfrjóa á degi hverjum,



sem bendir til að frjótíminn ætli að verða óvenjulangur þetta haust. Sólarlag í Reykjavík: 19.24. Sólarupprás á morgun: 7.17.

Síðdegisflóð í Reykjavík: 15.59. Árdegisflóð á morgun: 4.29. Lágfjara er 6-6½ stund eftir háflóð.

## 2. barn Sigrúnar og Kjartans

Þessi litli drengur fæddist á Landspítalanum 14. september sl. kl. 16.49.

Pilturinn vó 3942 g og var 54 cm á lengd.

Hinir hamingjusömu foreldrar heita Sigrún Guðmundsdóttir og Kjartan Ingvarsson og er þetta annað barn þeirra.

## Barn dagsins



Sigourney Weaver og Charles S. Dutton.

## Alien 3 í Bíóhöllinni og Bíóborginni

Alien 3 er nú sýnd í Bíóhöllinni og Bíóborginni. Eins og nafn myndarinnar gefur til kynna er þetta framhald samnefndra mynda og fer Siourney Weaver

## Bíó í kvöld

með aðalhlutverkið í henni. Sigourney sagði í blaðaviðtali á dögunum að þrátt fyrir að þetta væri spennumynd hefði hún þurft að beita kvenlegu innisæi í hlutverki sínu í þessari mynd. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan þurfti hún að krúnuraka sig áður en hún lék í myndinni sem er með þeim erfðari sem hún hefur leikið í.

## Nýjar myndir

Háskólabíó: Hefndarþorsti  
Regnboginn: Kálum þeim gömlu  
Bíóhöllin: Alien 3  
Bíóborgin: Alien 3  
Laugarbíó: Kristófer Kólumbus  
Stjörnubíó: Queens Logic

## Gengið

Gengiskráning nr. 180. - 23. sept. 1992 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	56,250	56,410	52,760
Pund	94,978	95,248	104,694
Kan. dollar	45,556	45,685	44,123
Dönsk kr.	9,6277	9,6551	9,6812
Norsk kr.	9,2418	9,2681	9,4671
Sænsk kr.	9,9964	10,0249	10,2508
Fi. mark	11,8671	11,9008	13,5979
Fra. franki	10,9730	11,0043	10,9934
Belg. franki	1,8157	1,8209	1,8187
Sviss. franki	42,9931	43,1154	41,9213
Holl. gyllini	33,2545	33,3491	33,2483
Vp. mark	37,4314	37,5378	37,4996
It. líra	0,04445	0,04458	0,04901
Aust. sch.	5,3179	5,3330	5,3253
Port. escudo	0,4277	0,4289	0,4303
Spá. peseti	0,5401	0,5416	0,5771
Jap. yen	0,46277	0,46409	0,42678
Írskt pund	98,142	98,421	98,907
SDR	80,3385	80,5670	78,0331
ECU	72,7594	72,9663	75,7660

Simsvari vegna gengiskráningar 623270.

## Krossgáta

1	2	3	4	5	6
7			8	9	
10		11	12		
13				14	15
16		17			18
19	20		21		
22					23

Lárétt: 1 hreystin, 7 tré, 9 guð, 10 arða, 12 hviðu, 13 ílát, 14 skap, 16 hvað, 17 trufla, 19 gutt, 21 hækkuðu, 22 ágengur, 23 rykkorn.

Lóðrétt: 1 örvun, 2 hvarfla, 3 flökt, 4 hár, 5 rölt, 6 kvabb, 11 hími, 15 konunafn, 16 heit, 18 for, 20 umstang.

Lausn á síðustu krossgátu. Lárétt: 1 tönlla, 7 örendur, 9 fum, 10 kugg, 11 Ómar, 12 gap, 14 sprautu, 17 kólar, 19 ís, 20 atómið.

Lóðrétt: 1 töf, 2 örum, 3 nemar, 4 nn, 5 auga, 6 urg, 8 dugur, 10 kraum, 11 óska, 13 pass, 15 pot, 16 tíð, 18 ló.